



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Samningar við KFUM og KFUK, Skátasamband Reykjavíkur og Taflfélag Reykjavíkur

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs 9. desember 2019 voru lögð fram hjálögð samningsdrög við KFUM og KFUK, Skátasamband Reykjavíkur og Taflfélag Reykjavíkur um samskiptamál hvað varðar styrkveitingar, rekstur o.fl.

Lagt var til að gerðir verði samningar til tveggja ára frá og með 1. janúar 2020. Fjárveiting ársins 2020 er í samræmi við fjárhagsramma ÍTR og fyrirvari er í samningunum um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð samþykkti samningsdrögin fyrir sitt leyti og vísar þeim til staðfestingar borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Samningur um samskiptamál Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK í Reykjavík

Íþróttta- og tómstundasvið f.h. Reykjavíkurborgar og formaður KFUM og KFUK í Reykjavík gera með sér svohljóðandi samning um samskiptamál hvað varðar styrkveitingar, rekstur og önnur sameiginleg hagsmunamál.

1. Markmið og hlutverk

Markmið samnings þessa er að efla tengsl Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK í því skyni að efla starf KFUM og KFUK í Reykjavík, æsku borgarinnar til heilla. Samningur þessi er gerður á grunni náins samstarfs Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK á liðnum árum. Samningurinn er til nánari skýringa á því samstarfi og til að marka framtíðarstefnumótun í samskiptum aðila.

Reykjavíkurborg viðurkennir þjónustu- og uppeldishlutverk KFUM og KFUK í æskulýðs- og tómstundarmálum og hlutverk sitt og skyldur gagnvart borgarbúum. Þá vill Reykjavíkurborg með samningi þessum tryggja, að það fé sem borgarsjóður leggur til starfs KFUM og KFUK nýtist sem best þeim borgarbúum er taka þátt í starfi KFUM og KFUK.

Með samningi þessum er kveðið á um áherslur varðandi innra starf KFUM og KFUK í Reykjavík og gagnkvæmar skyldur KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar varðandi útfærslu á barna- og unglingsstarfi og öðru starfi á vegum samtakanna. Með samningnum er mótuð stefna í framkvæmd barna- og unglingsstarfs á vegum samtakanna á gildistíma samningsins sbr. 2. gr. samningsins. Sýna skal fram á árangur af starfsemi í ársskýrslu með samanburði við upphafleg markmið.

Hlutverk KFUM og KFUK er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

2. Framkvæmd

Með samningi þessum heitir KFUM og KFUK að kappkosta að gera sem flestum börnum og unglingum kleift að taka þátt í starfi samtakanna m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að því starfi sem þar fer fram. KFUM og KFUK skal kappkosta að haga skipulagningu sinni þannig að starfið verði í boði í öllum hverfum borgarinnar. Haga skal starfinu þannig að það sé á þeim tímum er henti skólustarfs og fjölskyldulífi.

3. Styrkveiting

Gert er ráð fyrir að styrkveitingar Reykjavíkurborgar nemi kr. 27.472.000.- á ári vegna reksturs skrifstofu og faglegrar þjónustu KFUM og KFUK á árinu 2020. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Íþróttta og tómstundaráð (hér eftir ÍTR) mun halda eftir greiðslu vegna fasteignagjalda KFUM og KFUK, sem eru áætluð alls kr. 8.472.000.- árið 2020. Eftirstöðvar greiðslna, alls kr. 19.000.000.- greiðast með jöfnum greiðslum fjórum sinnum á ári. Greiðsla 2020 tekur mið af fjárhagsáætlun og verðlagsáætlun Reykjavíkur en á árinu 2021 verður verðbætt frá og með 1. janúar 2019.

Styrkurinn er m.a. veittur vegna:

- Barna- og unglingsstarfs yngri iðkendur 9-12 ára.
- Unglingadeildastarfs 13.-16 ára
- Starf fyrir eldri ungmenni en 16 ára.
- Leiðtogaþjálfunar.

Skrifstofa

KFUM og KFUK rekur skrifstofu/þjónustumiðstöð í aðalstöðvum félagsins við Holtaveg. Þar starfa framkvæmdastjóri, fjármálastjóri, bókari og afgreiðslufulltrúi.

Æskulýðsfulltrúar

Hjá KFUM og KFUK starfa æskulýðsfulltrúar í tveimur stöðugildum sem hafa aðsetur á skrifstofu félagsins í Reykjavík. Æskulýðsfulltrúarnir skipuleggja og samþætta starfið og halda utan um sameiginlega viðburði s.s. æskulýðsmót og námskeið.

Námskeiðahald

Til að tryggja faglegt æskulýðsstarf stendur félagið fyrir reglulegri uppfræðslu starfsmanna og sjálfboðaliða 18 ára og eldri. Ungt starfsfólk og sjálfboðaliðar þurfa að sinna faglegu fræðslu- og uppeldishlutverki, en einnig að vera vel að sér í öryggismálum. KFUM og KFUK tryggir starfsfólki og sjálfboðaliðum kennslu í skyndihjálp, brunavörnum og fleiru sem snýr að öryggi. Velferð barna og unglinga er í fyrirrúmi. Hluti af fræðslunni felst í að kunna að greina vanrækslu eða misnotkun barna og kunna að bregðast rétt við í slíkum að stæðum. KFUM og KFUK á mjög gott samstarf við barnaverndaryfirvöld.

KFUM og KFUK heldur einnig reglulega helgarnámskeið fyrir 15-17 ára ungmenni til að auka með þeim hæfni til starfa á vettvangi félagsins og í lífinu sjálfu.

Rekstur húseignar

Aðalstöðvar KFUM og KFUK, húseignin við Holtaveg 28.

4. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að KFUM og KFUK skili ÍTR ársreikningi og starfsskýrslu. Við undirritun samnings skal KFUM og KFUK leggja fram áætlun til tveggja ára um helstu verkefni og áherslur í barna- og unglिंगastarf á tímabilinu. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

KFUM og KFUK skal hafa virka jafnréttisstefnu, siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar sem og kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

KFUM og KFUK skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. KFUM og KFUK skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að samtökin njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

5. Rekstrarstyrkir og viðhald

ÍTR fh. Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK gera með sér samkomulag um greiðslur og aðra framkvæmd vegna rekstrarstyrkja fyrir hvert fjárhagsár, sem lagt er fyrir stjórn ÍTR og KFUM og KFUK að aflokinni gerð fjárhagsáætlunar hvers árs. ÍTR mun annast öll fjármálaleg samskipti milli Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK.

Styrkveitingar vegna viðhalds mannvirkja skulu eftir atvikum ákveðnar sérstaklega af ÍTR og Reykjavíkurborg.

6. Samskipti

Stjórnir ÍTR og KFUM og KFUK annast framgang samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur samningsaðila annast dagleg samskipti. Stjórnir ÍTR og KFUM og KFUK eru sammála um að veita hvor öðrum gagnkvæma ráðgjöf um þau málefni sem samningsaðilar vísa sín á milli til umsagnar.

7. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok. Fulltrúar KFUM og KFUK skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

8. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu KFUM og KFUK. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu hennar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2020 og gildir til 31. desember 2021. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum, einu fyrir hvern samningsaðila.

Reykjavík,

2019

F.h. Íþrótt- og tómsundasviðs

F.h. KFUM og KFUK í
Reykjavík

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

Samþykkt á fundi menningar-, íþrótt- og tómsundaráðs
og borgarráði 2019

2019

Samningur um samskipta- og styrkjamál Reykjavíkurborgar og Skátasambands Reykjavíkur.

Borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og formaður Skátasambands Reykjavíkur (hér eftir SSR) f.h. Skátafélaganna í Reykjavík gera með sér svofelldan samning um styrkveitingar, rekstur og önnur sameiginleg hagsmunamál.

1. Markmið og hlutverk

Samningur þessi er gerður á grunni náins samstarfs Reykjavíkurborgar og SSR á liðnum árum.

Með samningi þessum heita skátafélögin innan SSR að kappkosta að gera ungmennum kleift að taka þátt í skátastarfi m.a. með því að veita þeim greiðan aðgang að skátafélögunum og því starfi sem þar fer fram.

Skátasambandið vinnur nú að framtíðarsýn fyrir skátastarf í hverfum borgarinnar til næstu ára sbr. fsk.

Á samningstímanum munu Skátasambandið og fulltrúar Reykjavíkurborgar fara sameiginlega yfir þá framtíðarsýn og kynna borgaryfirvöldum framgang hennar og óskir um breytingar á sviði reksturs og framtíða skátastarfs í Reykjavík.

Á samningstímanum verður athugað með aðstöðu fyrir skátaheimili í Breiðholtshverfum.

2. Styrkveiting

Gert er ráð fyrir að styrkveitingar Reykjavíkurborgar nemi kr. 27.082.000,- á ári vegna reksturs skrifstofu SSR, reksturs skátaheimila, æskulýðsfulltrúa og sumarstarfs. Fjárveitingin er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar ár hvert.

ÍTR mun halda eftir greiðslu vegna fasteignagjalda af æskulýðsmannvirkjum SSR sem áætlaðir eru kr. 6.562.000,- árið 2020.

Eftirstöðvar greiðslna, alls kr. 20.520.000,- greiðast með jöfnum greiðslum mánaðarlega.

Viðbótarframlag að fjárhæð kr. 6.000.000,- vegna hverfatengdra verkefna.

Greiðsla árið 2020 tekur mið af fjárhagsáætlun og verðlagsáætlun Reykjavíkur en á árinu 2021 verður styrkuppþæðin verðbætt frá og með 1. janúar 2020.

3. Skilyrði fyrir styrkveitingu

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að SSR skili ÍTR ársreikningi og starfsskýrslu. Við undirritun samnings skal SSR leggja fram áætlun til tveggja ára um helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu. SSR skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

SSR skal hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum.

Styrkþegi skal veita upplýsingar um kyngreind gögn vegna hins styrkveitta verkefnis, ef þess er óskað.

SSR skal halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af Reykjavíkurborg. SSR skal upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að sambandið njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

4. Rekstrarstyrkir og viðhald

ÍTR f.h. Reykjavíkurborgar og SSR gera með sér samkomulag um greiðslur og aðra framkvæmd vegna rekstrarstyrkja fyrir hvert fjárhagsár, sem lagt er fyrir stjórn ÍTR og SSR að aflokinni gerð fjárhagsáætlunar hvers árs. ÍTR mun annast öll fjármálaleg samskipti milli Reykjavíkurborgar og SSR.

Styrkveiting vegna viðhalds skátamannvirkja skal eftir atvikum ákveðin sérstaklega af ÍTR.

5. Samskipti

Stjórnir ÍTR og SSR annast framkvæmd samnings þessa. Framkvæmdastjórar og skrifstofur samningsaðila annast dagleg samskipti aðila. Stjórnir ÍTR og SSR eru sammála um að veita hvor öðrum gagnkvæma ráðgjöf um þau málefni sem aðilar vísa sín á milli til umsagnar.

6. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskyldan helst eftir samningslok. Fulltrúar SSR skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. Vanefndir og meðferð deilumála

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu SSR. Telji annar samningsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu borgarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2020 og gildir til 31. desember 2021. Hvor aðili um sig getur þó óskað endurskoðunar á samningnum á samningstímanum

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.

Reykjavík, 2019.

F.h. borgarsjóðs.

F.h. Skátasambands Reykjavíkur

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Samþykkt á fundi borgarráðs

Nafn kt.

Reykjavíkurborg, hér eftir nefndur styrkveitandi, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur annars vegar og Taflfélag Reykjavíkur kt. 640269-7669 hér eftir nefndur styrkþegi, hins vegar gera með sér svohljóðandi:

Samning vegna:

Starfsemi á árunum 2020 - 2021

1.gr.

Styrkþegi skuldbindur sig til að hefja framkvæmd hins styrkveitta verkefnis í samræmi við hjálagða umsókn og samþykkt um úthlutun styrksins innan þriggja mánaða frá undirritun sammingsins. Eigi síðar en í árslok skal verkefnið vera að fullu komið til framkvæmdar.

Styrkþegi skal skila styrkveitanda skýrslu um framvindu verkefnisins fyrir lok ársins/verkefnisins í samræmi við 10. gr. reglna Reykjavíkurborgar um styrki.

Skýrslunni skal fylgja greinargerð um ráðstöfun styrkfjár sem hægt er að nálgast á slóðinni: <http://www.reykjavik.is/styrkir>. Styrkþegi skal skila inn framvinduskýrslu áður en seinni greiðsla styrks fer fram sbr. 2. gr. Skili styrkveitandi ekki inn greinargerð fellur samningurinn úr gildi og styrkveitanda er heimilt að krefja styrkþega um endurgreiðslu þess sem þegar hefur verið greitt.

Styrkþegi skal veita upplýsingar um þátttöku í starfinu, eftir kyni, sé þess óskað. Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

2.gr.

Veittur er styrkur til verkefnisins að fjárhæð kr. 12.000.000.-, eða 4.000.000 á hvert, vegna reksturs félagsins og fasteigna. Styrkurinn greiðist sem hér segir ár hvert:

1. apríl	2.000.000.-
1. sept.	2.000.000.-

Greiðsla skal innt af hendi inn á bankareikning styrkþega nr. 0101-26-640269

3.gr.

Umsjón og eftirlit með styrkveitingunni og framkvæmd verkefnisins fyrir styrkveitanda er hjá Íþrótt- og tómsundasviði Reykjavíkurborgar. Ábyrgðaraðili og tengiliður verkefnisins fyrir hönd styrkþega er Ríkharður Sveinsson, formaður félagsins.

4.gr.

Styrkþegi skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að verkefnið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er

skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagráðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.

5.gr.

Telji styrkþegi sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal styrkveitenda tilkynnt það tafarlaust skriflega. Sama gildir ef styrkþegi telur sig ekki getað framkvæmt verkefnið í samræmi við hjálagða umsókn. Styrkþegi skal þá endurskoða verkefnaáætlunina svo markmiðum samningsins verði náð. Takist endurskoðun ekki er styrkveitanda heimilt að rifta samningi þessum og krefjast endurgreiðslu styrksins að öllu leyti.

Áður en til riftunar kemur skal styrkveitandi skora á styrkþega að efna samninginn innan 30 daga því að honum berst sannarlega tilkynning samkvæmt ofangreindu ákvæði. Ef framlag styrkþega er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur styrkveitandi sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu lögleyfðu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

Endurgreiðsla tekur mið af breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og hún var við undirritun samnings. Rísi mál vegna efnda samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Framsál

Styrkþega er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis styrkveitenda.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík,

2019

F.h. Taflfélags Reykjavíkur

F.h. Reykjavíkurborgar

Vottar: